

EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 3

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 8/7 – 10/7 - '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetning línuvegar, eftirlit með efnistöku og frágangi til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Ábendingar: **Svæði 3.** Nauðsynlegt var talið að breikka sneiðing ofan Fljótsdalsstöðvar þar sem slóðin var of mjó og þar sem kantar virtust veikir. Smávægileg breyting á legur slóðar neðst þar sem eldri slóð lá yfir votlendi. Keyrt verður efni úr Bessastaðanámu í slóðina. Þarna ætti að leggja áherslu á að ganga frá fláum, raski ofan vegar og að aflagður hluti slóðarinnar verði dreginn saman. Huga ætti að sáningu í slóðina í haust. Höfum víða notað blöndu af túnvingli og rýgresi.

Á svæðinu norðan Kárhnjúkavegar er lögð áhersla á að þræða land þar sem gróðurfar virðist gefa til kynna að land sé þurrara. Forðast svæði þar sem greinilegt er að tæki RARIK hafa sokkið. Sett úr slóð að mastri 300. Farið er út af „vegi“ til móts við námu 28. Í jökulruðningshól austan við námunu er gamalt námuvik og mætti ef til vill taka þar efni til að fleyta tækjum að námu 28. Þarna gæti verið til bóta að móta hólinn betur með frekari efnistöku og ganga síðan frá námunni.

Afla upplýsinga um hversu nálægt ljósleiðara er hægt að vera og hvort óhætt sé að þvera hann, en víða virðist strengleiðin mjög vel valinn m.t.t. votlendis.


Svæði 2. Frá horni 185 er lagt til að fara ofan við línumna því annars verður bratt að sækja upp í næstu möstur. Vegna nýrrar akstursleiðar var ákveðið að hætt við að þvera votlendi milli mastra 194 og 195. Farið var að mastri 201. Leita ætti upplýsinga hjá landeiganda hvort fleiri akbrautir séu að línumni frá Möðrudalsleið. Umgengni verktaka er góð. Hafa ætti samband við Sigvalda á Hákonarstöðum þegar slóð að mastri 218 verður fastsett þannig að unnt væri að aðlaga legu slóðarinnar í tíma að hugmyndum hans um legu slóðarinnar í landi Hákonarstaða.

Svæði 1. Skoðuð leið að mastri 8. Þarna teljum við að færa ætti skeringu innar en ráð var fyrir gert í fyrstu vegna hversu áberandi sú skering myndi verða. Skoða ætti hvort önnur staðsetning á plani við þetta mastur kæmi til greina vegna mikils rasks í gróinni brekku, a.m.k. að fella saman slóða og plan til að minnka rask. Slóð færð milli mastra 9-11 þar sem fyrirhuguð leið lá undir línumni. Reynt var að mestu að fylgja slóð að mastri 21, en bein leið er þarna á köflum óhugsandi og breytt þar sem þurfti. Frá mastri 21 er reynt að leggja slóð meðfram rofabörðum og ofan vatnsrásar sem fylgir börðunum. Valin leið í gegnum skarð í gróðurlendi og farið um gisinn gróður að mastri 25. Að horni 26 var þrædd leið um mela í jaðri gróins lands. Reynt að forðast að leggja slóðina yfir miðja mela og hæðir og frekar reynt að fylgja skilum gróins og ógróins lands þar sem sýnileiki slóðarinnar verður minni og búa við að slóðin leggist nokkuð. Í framhaldinu er ætlunin að skoða hvort betri aðkoma að mastri 27 sé hugsanlega frá Hringvegi þar sem djúpir skorningar og gróðurlendi er neðan við hornið og gæti slóðagerð á þessu svæði valdi miklu raski. Greinilegt er á yfirborði lands á þessu svæði að mikið álag er vegna vatns og vindu. Því gæti orkað tvímælis að nýta mjög fint efni úr námu 31. Á ógrónum melum ætti að prófa hvort sama verklag gæti gengið og í Möðrudal, þ.e. að grjóthreinsa og þjappa yfirborð. Verk er ekki hafið.

Frávik: Engin.

Niðurstaða eftirlits: Vinna hafin á svæðum 2 og 3.

18. október 2019, Björn Stefánsson


Björn Stefánsson
f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.